



SUMARFRÍ FJÖLSKYLDUNNAR

Einstakt tækifæri fyrir fjölskyldur
fatlaðra barna!



STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA




Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið



Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins

- Myndband úr sumarbúðum.

Fjölskyldan var ánægð með sumardvölinu í Vík



„Ég tók eftir því að það var aldrei spurt um fötlun barnsins míns eða hvað það gæti ekki, bara spurt um barnið og hvað því fyndist skemmtilegt og hvaða þarfir það hefði. Þetta veit ég núna að Atli gerði viljandi og það var svo flott hjá honum.“



„Eftirminnilegast var að fara upp að jöklinum, sem sagt Mýrdalsjökli og fá að koma við og svona með öllum hópnum, það var mjög skemmtilegt.“

Signý Hermannsdóttir,
mamma Kötlu (2 ára) og Kára (5 ára)





„Félagsskapurinn, gaman að sjá aðra systkinahópa barna með sérþarfir. Stressið við að fara í frí, að allir fái að njóta sín er mikið skipulag, þegar þarfirnar eru svona ólíkar og orka foreldra af skornum skammti, það þarf að fara millivegi svo allri fái eitthvað og yfirleitt foreldrarnir útkeyrðir eftir á. Núna var maður bara að njóta og svo öðruvísi upplifanir sem við útkeyrðu foreldrarnir höfðum aldrei dottið í hug.“

„Æðislegt að kynnast starfsfólki Reykjadals, sjá hversu frábærir einstaklingar eru að sinna barninu í sumarbúðunum. Þarna fengum við líka tækifæri á að stækka netið okkar, það var haft samband við okkur eftir ferðina til að athuga hvort okkur vantaði liðveislu fyrir barnið okkar, mun auðveldari samskipti þegar við þekkjumst. Þar sem börnin okkar eru í Klettaskóla þá búum við í mörgum póstnúmerum og erum ekki alltaf að rekast á hvort annað í heimahverfinu, núna þekkir maður mun fleiri foreldra á næstu fjölskylduskemmtun skólans.“



„Góðar móttökur, flott viðmót, gleði barnanna höfð að leiðarljósi. Heyrðist í syni mínum á hverju kvöldi:

„þetta var besti dagur lífs míns“.“





„Að starfsmenn frá Reykjadal hafi verið til staðar til að hjálpa. Ég var líka mjög ánægð með uppsetninguna, að foreldrar hafi fengið fræðslu sér á morgnana á meðan börnin voru dekrúð. Ég er mjög ánægð með alla afþreyinguna og aðstöðuna. Ég er ánægð með dagskrána í heild. Þetta var ógleymanlegt.“



„Höfum aldrei geta farið öll saman í sumarfrí. Það var eitthvað fyrir alla.“